

# Skýrsla vor 2012

## „Heilsueflandi skóli“

Skólaárið 2011-2012 var annað ár Ártúnsskóla sem Heilsueflandi skóli.

Ártúnsskóli varð formlega þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi skóli haustið 2010. Á margan hátt má segja að þátttaka skólans í Heilsueflandi skóla sé framhald á ríkjandi stefnu skólans sem sett var við stofnun hans árið 1987. Markmið og stefna Heilsueflandi skóla gefa gott tækifæri til frekari þróunar og endurbóta.

Verkefnisstjóri verkefnisins er Erna Matthíasdóttir, íþróttakennari og lýðheilsufræðingur.

Stýrihópurinn sem tók til starfa á fyrsta starfsári skólans sem Heilsueflandi skóli hélt störfum sínum áfram á skólaárinu 2011-2012.

Í stýrihópnum sitja: Erna Matthíasdóttir, (íþróttakennari og lýðheilsufræðingur) formaður stýrihópsins, Ellen Gísladóttir (aðstoðarskólastjóri), Fríða Björnsdóttir (hjúkrunarfræðingur og lýðheilsufræðingur) sem tengiliður við grenndarsamfélagið, Ingibjörg Soffía Sveinsdóttir fulltrúi foreldra, Elín Gísladóttir (þroskaþjálfari) fulltrúi annars starfsfólks skólans og Magnús Friðrik Halldórsson og Jón Skeggi Helgason fulltrúar nemenda.

Á skólaárinu 2011-2012 var byggt ofan á þá vinnu sem unnin var á fyrsta starfsári skólans sem þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi skóli. Haustið 2010 var gerð þarfagreining á stöðu Ártúnsskóla út frá 8 þáttum sem sérstök áhersla er lögð á í skólastarfi Heilsueflandi skóla: Nemendur, mataræði - tannheilsa, heimili, geðrækt, nærsamfélag, hreyfing - öryggi, lífsstíll og starfsfólk. Í kjölfarið á þessari úttekt var ákveðið að vinna með þemun **hugrekki** á haustönn 2010 og **hreyfingu og mataræði** á vorönn 2011 með sérstakri tengingu við lífsleikni (sjá skýrslu Heilsueflandi skóla 2010-2011 á heimasíðu skólans). Skólaárið 2011-2012 var ákveðið að taka fyrir þemun **náttúrulæsi** á haustönn og **geðrækt** á vorönn.

Í töflunni hér að neðan eru talin upp nokkur verkefni sem unnin voru í tengslum við Heilsueflandi skóla/ lífsleikni veturinn 2011-2012.

**Náttúrulæsi** (sjá nánar á heimasíðu skólans)

**Geðrækt** (sjá nánar á heimasíðu skólans)

<p><b>Markmið þemans</b>, t.d. f. 1. bekk: „Ég rata niður í grenndarskóg“ og f. 2. bekk: „Ég veit hvar bekkjartréð er í grenndarskógi.“</p>	<p><b>Markmið þemans</b>, t.d. f. 1. bekk: „Ég get sagt hvernig mér líður“ og f. 4. bekk „Ég veit að það er mikilvægt að hafa sjálfstjórn“.</p>
<p>16. september dagur íslenskrar náttúru (sameiginlegt verkefni f. allan skólann)</p>	<p>Núvitund (e. Mindfulness) (sameiginlegt verkefni f. allan skólann)</p>
<p>11. nóvember, „Hollur er heimafenginn baggi“. Norræni loftslagsdagurinn helgaður mat og nærumhverfi, áhersla á sjálfbærni og matvöru sem landið gefur (sameiginlegt verkefni f. allan skólann)</p>	<p>Geðorðin 10. Unnið með geðorðin í bekkjum - Hugmyndum kennara verður safnað saman í hugmyndabanka (sameiginlegt verkefni f. allan skólann)</p>
<p>1. desember (þjóðernisdagur), unnið með auðlind Íslands vatnið, (heitt og kalt) (sameiginlegt verkefni f. allan skólann)</p>	<p>Skógarferð (Erna M. og Anna Skúlad.). Þrautabraut, fyrir alla árganga skólans og elstu nemendur leikskólans, þar sem fléttast saman hreyfing og geðrækt (m.a. núvitund), 25. maí. (sameiginlegt verkefni f. allan skólann)</p>
<p>Tvær ferðir í grenndarskóg (tengdar upplifun) fyrir alla árganga með áherslu á náttúrulæsi. Nemendur upplifa náttúruna á mismunandi veg eftir árstíðum (sameiginlegt verkefni f. allan skólann)</p>	<p>Kannanir tengdar þrautabrautinni lagðar fyrir nemendur og kennara í lokin.</p>
<p>Hugmyndabanki (f. verkefni tengd náttúrulæsi)</p>	<p>Hugmyndabanki (f. verkefni tengd geðrækt)</p>
<p><b>Gullkorn S.S</b> „Tileinkaðu þér ganghraða náttúrunnar: Leyndarmál hennar er þolinmæði“ (Ralph Waldo Emerson), „Þegar náttúran er grannt skoðuð má öðlast dýpri skilning á lífinu“ (Albert Einstein)</p>	<p><b>Gullkorn S.S.</b> „Bros er eins á öllum tungumálum“ (höf. ókunnur) og „Hugsaðu jákvætt, það er léttara“ (geðorð 1)</p>

<b>Fleiri verkefni tengd heilsueflandi skóla 2011-2012:</b>	
<b>Nemendur:</b>	<b>Starfsfólk:</b>
Gönguferðir allra árganga á vorönn, hver árgangur fer ákveðna gönguleið	Litadagar, rauði og græni dagurinn (allir mæta í fatnaði í lit dagsins og með hollt nesti í sama lit), verkefni unnið í samvinnu við FUÁ
Íþróttadagur	Farið í spinning
Dansnámskeið	Farið í sumba danstíma
Skipulagðir leikir í frímínútum í umsjón skólavina	Gönguferðir, m.a. í Heiðmörk (aðventuferð), á Úlfarsfell og í Grenndarskóg Ártúnsskóla
Litadagar, rauði og græni dagurinn (allir mæta í fatnaði í lit dagsins og með hollt nesti í sama lit), verkefni unnið í samvinnu við FUÁ	Lífshlaupið
Handboltamót á vegum Fylkis milli hverfa	Hjólað í vinnuna
Fótboltamót skólans (1.-3. bekkur)	Náms- og kynnisferð fyrir allt starfsfólk skólans, í október 2011, til Rotterdam í Hollandi til þess að kynnst heilsueflandi skólastarfi (sjá skýrslu á heimasíðu)
Fótboltamót skólans (4.-7. bekkur á vegum FUÁ)	Ýmsar upptakomur sem auka samstöðu og vellíðan s.s. ferð á sýninguna „Hönnun og handverk“. Borðað saman á heilsuveitingstað á eftir
	Námskeið fyrir kennara í rathlaupi – unnið út frá nýju korti af skólalóðinni.

- Skólinn fékk styrk frá Forvarnarsjóði vorið 2011 til að vinna að þróunarverkefninu: „Heilsuefling og skógurinn“. Erna Matthíasd. og Anna Skúlad., umsjónarmaður útikennslu, vinna að gerð kennsluefnis sem tengist heilsueflingu í skóginum.
- Mörg verkefni sem tengjast Heilsueflandi skóla eru unnin í samráði við faghóp skólans um útikennslu sem Anna Skúladóttir leiðir.
- Um áramótin 2011-2012 voru þrjár stofnanir sameinaðar, grunnskólinn Ártúnsskóli, leikskólinn Kvarnarborg og frístundaheimilið Skólasel. Nýr sameinaður skóli hlaut nafnið Ártúnsskóli. Afar mikilvægt er að vinna að markmiðum heilsueflandi skóla á öllum þremur sviðum skólans og taka verður tillit til þessara breytinga í öllu starfi og stefnumótun í framtíðinni. Nú þegar hafa starfsmenn leikskóladeildarinnar og skólasels komið að hluta til inn í það starf sem tengist hópefli og heilsueflingu með starfsmönnum grunnskólans. Þá hefur tengingin við leikskóladeild verðið aukin, t.d. með þátttöku elstu barna leikskólans í þrautabrautinni í Grenndarskóginum.
- Þrátt fyrir að ákveðin þemu séu lögð til grundvallar þegar unnið er að því að ná fram markmiðum Heilsueflandi skóla þá eru fleiri þættir alltaf hafðir í huga. Þar má aðallega nefna mataræði og hreyfingu. Helsta markmiðið er fyrst og fremst að andi heilsueflingar verði samofinn öllu skólastarfinu, þeim gildum sem skólinn stendur fyrir og skólabragnum í heild. Margir þættir í skólastarfinu sýna glögglega að talsverður árangur hefur náðst í þeirri viðleitni en betur má ef duga skal og áfram verður unnið að því að gera skólann sem bestan hvað varðar heilsueflingu.
- Á næsta skólaári verður haldið áfram á sömu braut og byggt ofan á þá reynslu sem komin er.
- Búið að ákveða þemu f. næsta skólaár: **Skólabragur og lífsgæði.**

19. maí 2012, fyrir hönd stýrihóps Heilsueflandi skóla,

Erna Matthíasdóttir, (íþróttakennari og lýðheilsufræðingur)

